

Ed.

236. Nefndarátt

um frv. til vatnalaga.

Frá allsherjarnefnd og fl.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er orðrjett það frv., er stjórnin lagði fyrir Alþingi 1921; var það samið eftir og bygt á frv. meiri og minni hluta fossanefndarinnar, er skipuð var 22. okt. 1917, og frv. samvinnunefndar í vatnamálunum á Alþingi 1919. Ennfremur tók stjórnin upp í frv. þetta ákvæði um veiðirjett í ám og vötnum, eins og gert er í vatnalögum sumra þjóða.

Frumvarp þetta er bygt á þeirri grundvallarreglu um umráð yfir vatni, að vatnsrjettindin fylgi landinu eða eignarrjetti á því, nema sjerstaklega sjeu frá skilin, og verði sá hagnýtingarrjettur á vatninu ekki af landeiganda tekinn nema gegn endurgjaldi.

Eins og áður er sagt, lagði stjórnin frv. þetta fyrir Alþingi 1921, en samvinnunefnd beggja deilda, sem um málið fjallaði, klofnaði á grundvallaratriðinu um vatnsrjettindin, og kom hvor hlutinn fram með sitt nefndarálit og tillögur til breytinga. (Alpt. 1921, þskj. 400 og 531).

Um leið og stjórnin lagði frv. þetta ennþá fyrir þetta þing hefir hún einnig í athugasemdum við frv. gert nokkrar tillögur til breytinga (stj.frv. 9).

Nefndin hefir rætt og athugað þetta mál á 20 fundum og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem flestar eru smávægilegar. Eru þær sumpart frá nefndinni sjálfri eða teknar úr nefndarálitum meiri og minni hluta samvinnunefndar í vatnamálunum á Alþingi 1921 (þskj. 400 og 531); einnig teknar til greina að nokkru breytingartillögur stjórnarinnar á þskj. 9.

Nefndin hefir fallist á að fylgja rjettargrundvelli þeim, sem frv. þetta er bygt á, og breytingartillögur þær, er nefndin hefir tekið upp frá minni hluta samvinnunefndar frá 1921, og allmargar breytingartillögur frá meiri hluta sömu nefndar, miða allar til þess að gera frv. skýrara og til lagfæringar, án þess að raska grundvellingum. Sama má segja um breytingar nefndarinnar sjálfar.

Skal nú grein gerð fyrir nokkrum helstu breytingartillögum.

1. breytingartillagan er við 8. gr. Samkvæmt frv.gr. er ekki ákveðið, hve nær framkvæma skuli verkið, eftir að það er tilkynnt, sýnist, ef til vill, mega dragast alt að 20 árum. Breytingartillaga frá minni hl. vill bæta úr þessu, fellir burtu ákvæðið um tilkynninguna, en setur 5 ára frest til að framkvæma verkið. Nefndin telur rjett að hafa hvorttveggja, tilkynning innan 2 ára og þann frest til framkvæmdar verksins, sem brtt. um ræðir.

Breytingartillagan við 10. gr. er tekin frá minni hl., og álitur nefndin, að rjett sje að gera það að skilyrði fyrir vatnstökunni, að vatnið sje notað til almennings þarfa.

Breytingartillagan við 49. gr. er tekin upp hjá meiri og minni hl., og fellst nefndin á hana.

Breytingartillagan við 54. gr. er í samræmi við brtt. við 10. gr.

Með brtt. við 61. gr. er notanda orku gert mögulegt að afla sjer hennar, þótt aðstaða sje ekki eins góð og annara notanda, og virðist það sanngjarnt.

Breytingartillagan við 67. gr. er frá meiri hl. og gengur í þá átt að tryggja rjett landsdrottins gagnvart leiguliða, sem orku hefir fengið úr raforkuveitu.

Breytingartillagan við 6. lið í 100. gr. leiðir af því, að nefndin hefir felt burtu öll ákvæði frv. um vatnamálastjóra, en gerir ráð fyrir, að vegamálastjóri aðstoði stjórnina í þessum málum.

Breytingartillagan við 101. gr. er í samræmi við brtt. við 67. gr.

Breytingartillögurnar við 126. gr. eru teknar frá bæði meiri og minni hl. og miða að því tryggja þeim, sem lönd eiga að veiðivatni, frekari rjett yfir veiðinni en öðrum; enn fremur að þeir, er leggja í kostnað við klak, skuli einnig njóta ávaxtanna.

Breytingartillagan við 137. gr. er tekin frá meiri hl. og gerir ráð fyrir að ráðherra hafi að eins eftirlit með stærri vatnsvirkjun, en ekki með þeim smærri eða smæstu, og virðist nefndinni það rjett vera.

Breytingartillagan við 138. gr., um að greinin falli burtu, er tekin frá meiri hluta.

Breytingartillagan við 143. gr., um að orða greinina þannig, er tekin frá minni hluta, og virðist nefndinni sundurliðun frv.gr. óþörf, og hefir því tekið upp þessa breytingu.

Breytingartillagan frá meiri hluta við 150 gr. virðist sanngjörn.

Breytingartillagan við 152. gr. er í samræmi við það, sem áður er sagt um vatnamálastjóra, og sömuleiðis breytingartillögurnar við 153. og 154. gr.

Aðrar breytingartillögur eru aðeins til skýringar eða lagfæringar, og því ekki frekar fjölyrt um þær.

Nefndin hefir lagt mikla vinnu í frv. þetta og reynt að hraða málinu eftir föngum, með því að hún litur svo á, að mjög æskilegt væri, að lög þessi gangi fram á þessu þingi.

Nefndin leggur eindregið til við hv. deild að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 8. gr.

Aftan við 2. lið bætist:

Nú er því lýst yfir innan 2 ára, að vinna eigi verkið, sbr. 1. lið, en

verkið þó ekki unnið innan 5 ára frá því breyting varð, og má þá líta svo á sem engin yfirlýsing hafi fram komið.

2. Við 10. gr. b-lið.

Í stað orðanna »til afnota fjelaga eða almennings« komi: til afnota í almenningsþarfir.

3. Við 13. gr.

Fyrir orðin »sem minst« komi: eigi.

4. Við 16. gr. 2. lið.

a. Á eftir orðinu »landareignar« komi: er liggur að vatni eða á.

b. Fyrir »landareignin« komi: sá hluti landareignarinnar, sem eftir verður.

5. Við 25. gr. 2. lið.

a. Orðin »eftir fyrirmælum 22. gr.« falli burt.

b. Í stað orðanna í 3. lið »Ef skaði verður, þá skal hann« komi: Ef spjöll verða, þá skal þau.

6. Við 30. gr.

Í stað orðanna í 1. málslíð »til þarfa hennar samkv. 17. gr.« komi: til heimilis- og búþarfa á eigninni.

7. Við 33. gr.

»1« undan fyrsta málslíð falli burt.

8. Við 49. gr.

Í stað orðanna »200 eðlishestöfl« í 2. og 3. lið komi: 500 eðlishestöfl.

9. Við 54. gr.

Orðin »eða handa nytsömum fyrirtækjum« í 1. lið falli burt.

10. Við 57. gr.

Í stað orðanna »láta verin starfa« í 1. lið komi: halda starfrækslunni.

11. Við 61. gr.

Á eftir orðunum »notendur yfirleitt« í 1. lið komi: Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nauðsyn þykir til vegna staðhátta.

12. Við 63. gr.

Fyrir orðið »raftækjum« komi: raforkutækjum.

13. Við 67. gr.

Aftan við greinina bætist; og sje kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.

14. Við 79. gr.
Aftan við 1. lið bætist: sbr. 80. gr.
15. Við 80. gr.
»1« framan við greinina falli burt.
16. Við 81. gr.
Á eftir orðunum »veita burt« komi: vatni.
17. Við 100. gr.
 - a. »1« framan við greinina falli burt.
 - b. 2. liður gr. falli burt.
18. Við 101. gr.
Aftan við 4. lið bætist: Þó að eins að svo miklu leyti, er metið verði jörðinni til varanlegra bóta.
19. Við 111. gr.
Í 1. lið b. falli burt orðið »undir« í síðustu málsgrein.
20. Við 126. gr.
 - a. Við 1. lið. Liðurinn orðist þannig:
Veiði í almenningum stöðuvatna eiga sveitarmenn þeirra sveita, er lönd eiga að vatni, nema forn venja banni.
 - b. Á eftir 2. lið komi nýr liður:
 3. Nú er fiskiklak starfrækt í vatni, og hverfur þá veiðirjettur í almenningi til þeirra einna, er þátt taka í kostnaði við klakið, svo sem samþykkt eða reglugerð, staðfest af ráðherra, ákveður, enda sje í henni öllum heimiluð þátttaka í klakinu, sem annars eiga veiðirjett í þeim almenningi.
21. Við 133. gr.
Á eftir orðunum í 3. lið »á mannvirkjum« komi: leyfishafa að kostnaðarlausu.
22. Við 137. gr.
Í stað orðanna í 1. lið »með vatnsvirkjum og öðrum verkum« komi: með meiri háttar vatnsvirkjum og verkum.
23. Við 138. gr.
Greinin falli burtu.
24. Við 143. gr.
Greinin orðist svo:
Þegar bætur eru goldnar í orku, getur ráðherra sett almennar reglur um

skifti aðilja innan takmarka ákvæða laga þessara og almennra grundvallarreglna löggjafarinnar.

25. Við 150. gr.

2. töluliður a. út að orðunum »skal yfirmatsnefnd« orðist svo:

Sá, sem beiðist yfirmats eftir 149. gr. 1. lið, greiði kostnað af því, ef matsgerð breytist eigi. Verði henni breytt.

26. Við 152. gr.

Aftan við greinina bætist: Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri.

27. Við 153. gr.

Greinin falli burt.

28. Við 154. gr.

Greinin falli burt.

29. Við 156. gr.

Orðið »vatnamálastjóri« falli burt.

30. Við 158. gr.

Fyrir »1922« komi: 1924.

31. Allar greinatölur og tilvísanir í greinar og töluliði frv. breytist samkvæmt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Prentvillur í frv. leiðrjettast samkvæmt greinargerð þar um í nefndaráliti meiri hluta samvinnunefndar vatnamálanna frá 1921, þskj. 531.

Alþingi, 27. mars 1923.

Jón Magnússon,
form.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrifari og framsögum.

Hjörtur Snorrason. Sigurður H. Kvaran. Guðm. Ólafsson.